

Tillaga um enn betri vetrarþjónustu við gangandi og hjólandi

Lagt er til að fela skrifstofu borgarlandsins á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur að leita bestu, skilvirkustu og hagkvæmustu leiða til að bæta enn frekar vetrarþjónustu við gangandi og hjólandi í kjölfar þeirra vetrarþjónustuúrþóta sem þegar hafa verið innleiddar og sem hafa um margt skilað miklum árangri. Þjónusta við gangandi og hjólandi hefur batnað samhliða breytingunum, sér í lagi á göngu- og hjólastofnstígum, en vilji er til að skoða tækifæri til að dýpka vinnuna byggt á ábendingum þar að lútandi svo að aðgengi gangandi og hjólandi sé með sem bestu móti um alla borg á öllum árstíðum.

Hafa skal virkt samráð við viðeigandi hagsmunasamtök um vinnuna, gera þarfagreiningu um hvar þörfin er brýnst og skoða að hvaða leyti sé mögulegt að flytja til fjármagn til að mæta þessu og nýta fjármagn sem best. Huga skal aukinheldur að góðri upplýsingagjöf og fyrirsjáanleika og möguleg úrbótatækifæri í því samhengi.

Greinargerð:

Stýrihópur um endurskoðun á vetrarþjónustu skilaði skýrslu, dags. 15. mars 2023, sem fól í sér tillögur í þágu umfangsmikilla úrbóta á vetrarþjónustu. Hafa þær í kjölfarið verið fjármagnaðar og innleiddar. Byggði sú vinna meðal annars á ábendingum frá íbúum eftir krefjandi vetur 2022-2023. Með innleiðingunni hefur meðal annars hreinsunartíminn á húsagötum verið stytur verulega með nýju verklagi, eftirlit og yfirsýn hefur aukist, vöktum á göngu- og hjólastofnstígum hefur fjölgað og gagnadrifin ákvarðanatataka um hreinsun hverju sinni hefur verið styrkt. Enn eru þó áskoranir sem vilji er til að reyna að taka betur utan um í vetrarþjónustunni. Tekið skal til skoðunar hvaða leiðir eru best til þess fallnar að bæta enn frekar snjómokstur og hálkuvarnir í þágu gangandi og hjólandi, meðal annars út frá ábendingum íbúa, samráði við hagsmunasamtök og þarfagreiningu um hvar þörfin er brýnst um leið og hugað er að skilvirkni og skynsemi og því að fara vel með fé.